

Alþingi
Erindi nr. P 135/693
komudagur 4.12.2007

Til Efnahags- og skattanefndar Alþingis
b.t. Eiríks Áka Eggertssonar, nefndarritara
Alþingi
150 Reykjavík.

3. desember 2007

Efni: 206. mál frv. t. l. um erfðafjárskatt.

Krabbameinsfélagi Íslands hefur verið sent til umsagnar ofangreint þingmál. Við höfum engar sérstakar athugasemdir við þær breytingar sem hér eru lagðar til en viljum nota þetta tækifæri og ítreka skoðanir stjórnenda Krabbameinsfélagsins og fleiri slíkra frjálsra félagasamtaka innan þriðja geirans á þeim breytingum sem samþykktar voru á þessum lögum á Alþingi 2004.

Þessi ítrekun fylgir í viðhengi.

Með bestu kveðjum,

Guðrún Agnarsdóttir
forstjóri Krabbameinsfélags Íslands

Úrdráttur úr umsögn Krabbameinsfélags Íslands um Frv. t.l. um erfðafjárskatt, 435. mál, heildarlög, frá 16. febrúar 2004.

“Með frumvarpi þessu er lögð til veigamikil breyting sem varðar hag íslenskra líknar- og menningarstofnana eða félaga. Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er lagt til að þessum aðilum verði gert að greiða 10% erfðafjárskatt af erfðagjöfum sem þeim kynnu að hlotnast. Hér er verið að leggja til grundvallarbreytingu sem er ofangreindum stofnunum eða félögum mjög í óhag og afnema erfðaskattsfrelsi slíkra aðila sem tíðkast hefur í áratugi.

Virðum mikilvægt framlag frjálsra félagasamtaka

Þeirri nefnd sem samdi frumvarpið var ef til vill ekki ljóst hve frjáls félagasamtök eða stofnanir sem sinna líknar- eða menningarmálum veita landsmönnum oft mikla þjónustu sem þannig sparast ríkinu. Reynt hefur verið að meta framlag velferðarstofnana og samtaka sem ekki eru á vegum hins opinbera til hagkerfisins hér á landi, hins svonefnda þriðja geira. Bráðabirgðatölur samkvæmt þjóðhagsreikningstölum fyrir árið 1997 sýna að framlag þriðja geirans nam 3-4% af landsframleiðslu þess árs. Það jafngildir meira en tvöfaldri ál- og kísilframleiðslu sama árs. (1) Þá er ekki talin með sjálfboðin vinna en hún er víða mikil; í Bandaríkjunum t.d., þar sem löng hefð er fyrir slíkri þátttöku, er hún talin jafngilda um 6% af öllu vinnuafla í landinu.

Jafnframt er því oft þannig háttað að líknar- og menningarstofnanir eða félög reiða sig fyrst og fremst á velvilja almennings til að halda úti viðamikilli þjónustu á ýmsum sviðum. Erfðagjafir sem þeim áskotnast eru gríðarlega mikilvæg tekjuöflun fyrir það starf sem kosta þarf. Skerðing á slíkum gjöfum mundi einfaldlega skerða þá þjónustu sem veitt er og veikja þessar stofnanir og félög.

Fjölþætt starf í þágu þjóðar

Þannig er því varið með Krabbameinsfélag Íslands. Það er áhugamannafélag sem hefur mörg aðildarfélög, bæði svæðafélög víða um land og einnig stuðningshópa sjúklinga og aðstandenda þeirra. En jafnframt veitir félagið margháttaða faglega þjónustu og stuðning. Umfangsmikil krabbameinsleit er rekin með verktakasamningi við heilbrigðisráðuneytið og sömuleiðis leggur ríkið til hluta af rekstrarfé Krabbameinsskrárinnar. Allt annað starf félagsins er undir velvilja almennings komið og þeim framlögum sem frá velunnurum koma.

Þetta gildir um allt forvarnar- og fræðslustarf á vegum Krabbameinsfélagsins um heilbrigt líferni en einnig um ýmis krabbamein og sérstaklega um tóbaksvarnir. Einnig um verulegan hluta af rekstri Krabbameinsskrárinnar sem er einstök heimild og nær til heillar þjóðar. Ennfremur um margháttað stuðningsstarf við krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra, t.d. nýja faglega Ráðgjafarþjónustu við krabbameinssjúklinga og aðstandendur sem veitir andlegan og félagslegan stuðning og sjálfstyrkingu og er opin á vinnutíma alla vikudaga og á kvöldin og um helgar þegar fundir eru. Líka á Krabbameinsfélagið átta íbúðir, sex með Rauða krossinum, eina með Öryrkjabandalaginu og eina með Sambandi íslenskra bankamanna. Þar dveljast krabbameinssjúklingar utan af landi ásamt aðstandendum, yfirleitt sér að kostnaðarlausu meðan þeir eru í meðferð í Reykjavík. Krabbameinsfélagið tekurþátt í

kostnaði vegna reksturs þjónustumiðstöðva aðildarfélaganna víða um land en þær veita stuðning og fræðslu í heimabyggð. Margt fleira mætti telja til að varpa ljósi á þá fjölbreyttu starfsemi og þjónustu sem Krabbameinsfélagið hefur getað veitt vegna þeirrar velvildar sem félagið hefur notið meðal þjóðarinnar.

Veglegar erfðagjafir berast félaginu stöku sinnum og eru þær afar mikilvæg tekjuöflun til að standa undir þeirri fjölpættu þjónustu sem Krabbameinsfélagið veitir landsmönnum. Það rýrir verulega getu félagsins að þau nýmæli voru tekin upp að skattleggja slíkar gjafir. Einnig má búast við því að dragi í úr slíkum gjöfum við skattlagningu.

Að hvetja en ekki letja sjálfboðastarf

Þegar leitað var upplýsinga hjá krabbameinsfélögum á Norðurlöndunum nýlega kom í ljós að hvergi þar þurfa mannúðar- og líknarfélög af sama toga og Krabbameinsfélag Íslands að greiða erfðafjárskatt en erfðagjafir eru mun stærri þáttur í tekjuöflun þessara félaga heldur en gerist hér á landi. Í Danmörku útbúa skattayfirvöld lista á hverju ári yfir þau félög eða þær stofnanir sem hafa almannahagsmuni að leiðarljósi og eru undanþegin erfðafjárskatti. Þau félög eða stofnanir sem ekki eru á lista geta síðan sótt um undanþágu. Í Noregi eru líknarfélög einnig undanþegin stimpilgjaldi. Í Svíþjóð er krabbameinsfélagið einnig undanþegið fjármagnstekjuskatti.

Það virðist sem skattayfirvöldum og stjórnámálamönnum annars staðar á Norðurlöndunum sé full ljóst hve mikilvægu hlutverki líknarfélög gegna til að tryggja velferð samfélagsins. Hlutverk sjálfboðaliða vegur mjög þungt víða erlendis til að sinna ýmsum þáttum velferðar sem ríkið tryggir þegnunum ekki. Mörgum, bæði hér á landi og erlendis, hefur fundist að færri einstaklingar en áður væru fúsir til að gefa af tíma sínum í sjálfboðastörf. Þetta á sérstaklega við um skuldbindingu til lengri tíma. Jafnframt er ljóst að hefðbundnar fjáröflunarleiðir slíkra félaga eins og t.d. happdrætti gefa sífellt minna af sér. Það er því að ýmsu leyti þyngri róður fyrir slík félög en áður.

Sú tillaga sem lögð er fram í nýju frumvarpi um erfðafjárskatt, að leggja 10% erfðafjárskatt á líknar- og menningarstofnanir og félög, mun verulega raska rekstrargrundvelli þeirra og veikja krafta þeirra til að leggja samfélaginu lið.

Þetta er óheillaspor og er eindregið lagt til að þessi breyting nái ekki fram að ganga..

F.h. Krabbameinsfélags Íslands,

Guðrún Agnarsdóttir forstjóri
Krabbameinsfélags Íslands

(1)“Hlutverk og staða frjálsra félagasamtaka í nútímasamfélagi” úr erindi Jónasar Guðmundssonar hagfræðings Mbl. 13. Sept. 2002, bls. 30 og 31.”

Því má bæta við að hópur frjálsra félagasamtaka hafa ítrekað sent forsætisráðherra bréf með beiðni um að starfsvettvangur þeirra sem starfa innan ”þriðja geirans” verði skilgreindur af stjórnvöldum og tekið verði tillit til mikilvægra framlaga þessara samtaka til þjóðarbúsins og samfélagsins t.d. hvað varðar skattlagningu.